

5 frá 1951, þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 7500.00 sekt í Landhelgisjórð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, skal upptækur ger og renni andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, greiði 7500 króna sekt í Landhelgisjórð Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, er gerður upptækur og rennur andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1953.

Nr. 115/1952. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni (sjálfur)

og gagnsök

og

Guðfinna Finnsdóttir og

Guðrún og Unnur Erlendsdætur

(Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp þeir Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og samdómendurnir Björn Konráðsson og Jóhann Jónasson.

Aðaláfrýjandi, Jón Erlendsson, sem hefur skotið máli þessu

til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1952, og áfrýjendurnir Guðfinna Finnsdóttir og Guðrún og Unnur Erlendsdætur, sem hafa skotið málinu til réttarins með stefnu 12. marz s.l., að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m., gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefjast þær og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 25. ágúst 1952, gerir þær dómkröfur, að framangreindum kröfum áfrýjanda verði hrundið og aðaláfrýjendum gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur á leigu spildu úr landi Mógilsár í Kjálarnesshreppi og hefur reist þar sumarbústað, höfðaði mál þetta í héraði upphaflega með stefnu 17. október 1950 til staðfestingar lögbannsgerð, er hann hafði látið fram fara hinn 28. september 1950 gegn athöfnum af hálfu aðaláfrýjanda, Jóns Erlendssonar, bónda á Mógilsá, sem hann taldi brjóta gegn rétti sínum sem leigutaka hinnar umgetnu landspildu. Með framhaldsstefnu 24. nóvember 1951 á hendur aðaláfrýjanda, Jóni Erlendssyni, gerði hann síðan þær dómkröfur, að viðurkennt yrði, að vegur sá, sem liggur frá þjóðveginum að framangreindum sumarbústað, sé sín einkaeign, að eigendum og ábúendum Mógilsár sé óheimil umferð og afnot af vegi þessum, að sér verði heimilað að girða veg þenna ásamt bifreiðastæði við sumarbústaðinn og að ábúendum og eigendum Mógilsár sé óheimilt að framkvæma nokkuð það, er geti torvelað umferð um veginn. Eru kröfur þessar raktar nánar í framhaldsstefnunni.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er framangreind lögbannsgerð úr gildi fallin samkvæmt ákvæðum 20. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949, þar sem mál til staðfestingar henni var ekki höfðað innan viku frá lokum gerðarinnar. Kröfu um staðfestingu lögbannsins ber því að vísa frá héraðsdómi.

Að því er varðar kröfur, sem gagnáfrýjandi hefur haft uppi í framhaldssök í héraði, þá er þeim ætlað að skuldbinda ábúendur og eigendur jarðarinnar Mógilsár, ef teknar yrðu

til greina, en einungis aðaláfrýjanda, Jóni Erlendssyni, hefur verið stefnt til að þola dóm um kröfur þessar. Hins vegar er í ljós leitt, að jörðin er í óskiptri sameign hans og annarra áfrýjenda máls þessa, og varð það ljóst á dómþingi í málinu hinn 29. maí 1952. Bar því að beina málssókninni einnig gegn þeim Guðfinnu Finnsdóttur og Guðrúnu og Unni Erlendsdætrum, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem það hefur ekki verið gert, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði áfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, greiði áfrýjendum, Jóni Erlendssyni, Guðfinnu Finnsdóttur og Guðrúnu og Unni Erlendsdætrum, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. júní 1952.

Ár 1952, laugardaginn 7. júní, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómendum, Birni Konráðssyni og Jóhanni Jónassyni, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 26. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útg. 17. okt. 1950 af Aron Guðbrandssyni forstjóra, Reykjavíkur, á hendur Jóni Erlendssyni, bónda á Mógilsá í Kjalarnesshreppi, til staðfestingar á lögbannsgerð við því, að Jón græfi skurð um veg og hlið Arons í Mógilsárlandi. Með framhaldsstefnu, útg. 24. nóv. 1951, gerir Aron Guðbrandsson eftirfarandi kröfur í framhaldssök:

I. Að viðurkennt verði með dómi réttarins, að vegurinn, sem liggur frá þjóðvegi að sumarbústað Arons í landi Mógilsár, sé einkaeign Arons og að sá vegur skuli áfram vera á þeim stað, sem hann nú er.

II. Að ábúendum og eigendum Mógilsár sé aðallega óheimil umferð um og afnot af nefndum vegi, en til vara, að sömu aðiljum sé aðeins heimil afnot af veginum, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem þegar farið er með jarðræktaráhöld að landi, sem liggur að veginum, enda verði slík afnot framhaldsstefnanda algerlega að skaðlausu.

III. Að honum verði heimilað að girða veginn af og bifreiðastæðið við efri vegarendann upp við sumarhúsið. Girðing þessi verði úr gaddavír og í samræmi við ákvæði 36. gr. vegalaga frá 1947. Þó skal honum skylt að hafa hlið á girðingu þeirri við brýrnar, sem hann setti yfir skurðina við veginn, og þannig skapa búanda jarðarinnar greiðan umgang yfir veginn að landi því, sem hann á sunnan vegarins, en ábúandi skal skyldur að sjá svo um, að hlið þessi séu jafnan lokuð og koma þannig í veg fyrir óþarfa ágang og umferð um veginn.

IV. Að ábúanda jarðarinnar sé óheimilt að framkvæma nokkuð það í sambandi við veg hans, sem geti torvelað umferð um hann eða valdið töfum eða óþægindum fyrir aðra í sambandi við notkun vegarins. Ofanefndar réttarkröfur ná og á sama hátt til eigenda jarðarinnar Mógilsár, þótt þeir séu ekki ábúendur jarðarinnar.

V. Að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi framhaldsstefnda.

Af hálfu aðalstefnda, Jóns Erlendssonar, er fyrst og fremst krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Ennfremur er með gagnstefnu, útg. 22. jan 1951, af hálfu stefnda, Jóns Erlendssonar, gerðar eftirfarandi gagnkröfur:

I. Að dæmt verði, að gagnstefndi, Aron Guðbrandsson, eigi einungis gangrétt yfir land gagnstefnanda frá leigulandi sínu og niður á þjóðvegin (Vesturlandsbraut) og að gangréttur þessi sé einungis eftir bökkum Hvítár og niður á þjóðvegin.

II. Að dæmt verði, að umferðarréttur gagnstefnda frá leigulandi hans og niður á þjóðvegin sé einungis eftir bökkum Hvítár.

III. Að gagnstefnda verði, að viðlögðum dagsektum til gagnstefnanda eftir mati dómsins, dæmt skylt að fjarlægja bílveg þann, sem hann hefur lagt frá leigulandi sínu og niður á þjóðvegin.

Þá krefst gagnstefnandi og málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómsins. Sáttaumleitanir fóru fram í málinu í aðalsök, framhaldssök og gagnsök, en urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, leigir Erlendur Jónsson, þáverandi bóndi að Mógilsá, Aroni Guðbrandssyni, aðalstefnanda í máli þessu, blett úr landi Mógilsár í Kollafirði til 50 ára og er stærðin afmörkuð þannig: Breidd að ofan ca. 17 faðmar og að neðan ca. 32 faðmar, lengd landsins ca. 60 faðmar og eru nánari mörk tilgreind í leigusamningnum.

Leiguupphæðin eftir landið var ákveðin kr. 100.00 á ári. Leigutaka skyldi heimilt að rækta landið svo og að byggja á því íbúðarhús, taka neyzluvatn til hússins úr Hvítá, sem rennur þarna framhjá, og leiða í hana frárennsli frá húsinu og girða landið af. Ennfremur er leigutaka heimilt að taka byggingarefni til hússins úr tveim grjótholtum, sem þar getur, eða annarsstaðar eftir tilvísun leigusala. Þá er leigutaka heimil umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðvegin eftir bökkum fyrirnefndrar ár svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands. Leigu-

samningur þessi er undirritaður af aðalstefnda Jóni Erlendssyni f. h. Erlendar Jónssonar, sem er faðir hans.

Um vorið 1941 hóf aðalstefnandi, Aron Guðbrandsson, framkvæmdir þarna, með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi. Þar sem vegurinn kemur á þjóðveginn var gengið frá hliði, sem upphaflega mun hafa verið fremur óvandað. Síðan kveðst aðalstefnandi hafa samkvæmt ósk leigusala reist þarna vandað hlið og sett lás fyrir, en jafnframt afhent ábúanda jarðarinnar, aðalstefnda í málinu, lykil að lásnum, svo að hann gæti farið um hliðið, þegar hann þyrfti á því að halda. Annars læsti aðalstefnandi hliðinu, þegar hann ekki var í sumarbústaðnum.

Um heimild aðalstefnanda til að læsa hliðinu spratt ágreiningur milli aðilja máls þessa, og féll dómur í því hér við embættið þann 24. júní 1950 á þá leið, að aðalstefnanda var heimilað að læsa hliðinu gegn því, að aðalstefndi fengi afhentan lykil að lásnum.

Sumarið 1941 reisti aðalstefnandi vandaðan sumarbústað á landi sínu og hefur síðan dvalið þar á sumrum. Síðan ræktaði hann upp land sitt umhverfis sumarbústaðinn og girti það. Var öllum þessum framkvæmdum lokið 1949 og að því er virðist, án nokkurs ágreinings eða árekstra við leigusala og ábúanda Mógilsár. Leigusali og þáverandi ábúandi, Erlendur Jónsson, létzt 5. okt. 1942, en sonur hans, aðalstefndi, Jón Erlendsson, núverandi ábúandi, tók við ábúð á allri jörðinni, en hann hafði áður búið á hluta jarðarinnar móti föður sínum um nokkurra ára skeið. Eins og áður er getið, reis upp ágreiningur 1949 um heimild aðalstefnanda til þess að læsa hliðinu að veginum heim að sumarbústaðnum.

Í september 1950 kveðst aðalstefnandi hafa fengið vitneskju um, að aðalstefndi ætlaði að fara með ýtu gegnum veginn heim að sumarbústaðnum og skemma veginn. Aðalstefnandi fór fram á, að lögbann yrði lagt við þessu og fór það fram þannig, að bannað var að skemma eða raska vegi þessum. Með stefnu, útg. 17. okt. 1950, höfðaði síðan aðalstefnandi mál þetta til staðfestingar á fyrrgreindri lögbannsgærd.

Er mál þetta hafði staðið nokkuð lengi, þar aðaláfrýjandi fram nýjar dómkröfur með framhaldsstefnu 24. nóv. 1951, eins og áður er rakið, og var málið flutt í landamerkjadóm og rekið þar samkvæmt lögum nr. 41/1919 um landamerki o. fl.

Af hálfu aðalstefnda hefur fyrst og fremst verið borin fram sú varnarástæða, að staðfestingarmálið sé of seint höfðað og gerðin sé því niður fallin samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949. Á þetta verður dómurinn að fallast, þar sem stefnu í staðfestingarmáli skal gefa út innan viku frá lokum gerðarinnar, en umrædd lögbannsgærd fór fram 28. sept., en stefna var ekki gefin út fyrr en 17. okt. Ber því að synja um staðfestingu gerðarinnar.

Þá skal vikið að kröfum aðalstefnanda í framhaldsstefnu. Kemur þar fyrst sú krafa, að vegurinn heim að sumarbústaðnum sé einkaeign aðalstefnanda og skuli áfram vera á þeim stað, sem hann nú er. Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að vegurinn sé settur þarna í heimildar-

leysi og verði að fara burt vegna framræslu og ræktunar landspildu þeirrar, sem vegurinn deilir. Í leigusamningnum frá 19. maí 1940 segir svo um þetta atriði: „Heimil skal leigutaka umferð frá hinu leigða landi niður á Þjóðveginn eftir bökkum ofangreindrar ár (þ. e. Hvítár) svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands.“ Ágreiningur er um í málinu, hvernig skilja beri orðið „umferð“, og aðalstefndi heldur fram, að það taki aðeins yfir göngurétt. Ekki verður fallið á þá skýringu, heldur hlýtur þar að vera átt við heimild til allrar þeirrar umferðar, sem talin verður nauðsynleg, til þess að nytja landið á þann hátt, sem leigusamningurinn heimilar og gerir ráð fyrir.

Til að byggja sumarhús, rækta og girða landið er leigutaka nauðsynlegt að geta flutt efni á bílum, eins og almenn venja er við slíkar framkvæmdir. Verður því að skýra orðið „umferð“ sem heimild til bíla-umferðar að og frá landinu, enda virðist þessi skilningur staðfestur af aðiljum, þar sem bílvegurinn er sú fyrsta framkvæmd, sem leigutaki ræðst í. Ekki verður séð, að leigusali hafi hreyft neinum athugasemdum gegn þessari vegarlagningu, heldur lagt, að minnsta kosti óbeint, samþykki sitt á það, með því meðal annars að ljá verkfæri og hesta til verksins og hafa menn, sem að veginum unnu, í fæði og húsnæði, meðan þeir voru við það verk.

Aðalstefnandi greinir svo frá atvikum að því, er vegarstæði þetta var ákveðið, að hann og Erlendur Jónsson hafi gengið á staðinn. Þá hafi Erlendur sagt, að aðalstefnandi mætti leggja veginn, hvort heldur hann vildi vestan eða austan við holtið, þar sem hann nú er. Aðalstefnandi lét síðan verkfræðing athuga, hvort vegarstæðið væri heppilegra og lét niðurstöðu hans ráða, enda var vegarstæðið samkvæmt því á þeim stað, sem minnst ræktanlegt land fór til spillis undir veginn.

Engin andmæli eða athugasemdir virðast hafa komið út af vegarlagningu þessari fyrr en löngu síðar, eftir að komið var í málaferli milli aðilja.

Aðalstefndi heldur því fram, að það hafi verið samkomulag milli hans og föður hans, áður en vegarstæðið var valið, að vegurinn yrði eftir árbakkanum, eins og leigusamningurinn segir og annarsstaðar ekki.

Í því sambandi hefur aðalstefndi haldið fram, að vegurinn, eins og hann er, skipti landinu í tvennt og skemmi þannig ræktunarmöguleika. Hefur hann stutt þetta álit sitt með vottorði frá jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, sem gert hefur áætlun um framræslu landsins á þessu svæði.

Er lagt fram í málinu kort, þar sem ráðgerðir eru tveir skurðir, sem skera umræddan veg á tveim stöðum.

Dómurinn telur augljóst, að umræddir skurðir meggi liggja eins og uppdrátturinn sýnir og ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að skurðirnir séu grafnir gegnum veginn, að því áskildu, að vegurinn sé settur í samt lag aftur, svo að það komi ekki í bága við notkun hans til umferðar.

Umræddur vegur er eingöngu gerður fyrir sumarbústað aðalstefnanda

og það er viðurkennt í málinu, að aðalstefnandi hefur að öllu leyti kostað þá vegarlagningu. Með hliðsjón af því og visun til þess, sem að framan er rakið, verður dómurinn að fallast á, að í málinu séu framkomin nægileg sönnunargögn fyrir því, að margnefndur vegur frá þjóðveginum heim að sumarhúsinu sé lagður þar sem hann nú liggur með samþykki landeiganda og aðalstefnandi hafi heimild til að hafa hann áfram þarna á sama stað og vegurinn sé einkaeign aðalstefnanda.

Kemur þá næst til athugunar krafa aðalstefnanda um umferð og afnot eigenda og ábúenda Mógilsár af vegi þessum. Með því að þegar hefur verið dæmt um þessi kröfuatriði, ber að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Kemur þá til álit III. kröfuliður aðalstefnanda um heimild til að girða af veginn og bifreiðastæðið. Þar sem um er að ræða slíkan einkaveg, kemur ekki til mála að taka viðbótarland og girða af samkvæmt vegalögunum, sem ekki verður talið að taki til slíkra vega. Hins vegar ber að taka kröfu aðalstefnanda þannig til greina, að honum heimilist að girða af vegarstæðið, eins og það hefur verið afmarkað. Á hinn bóginn verður ekki fallið á, að aðaláfrýjandi eigi kröfu til sérstaks bifreiðastæðis fram yfir það land, sem leigusamningurinn tekur til. Aðalstefnanda skal skylt að hafa brýr og hlið á girðingunni á þeim stöðum, svo hægt sé að fara með ökutæki yfir veginn, eins og verið hefur.

Þá er að lokum IV. kröfuliður aðalstefnanda, að búendum jarðarinnar sé óheimilt að gera nokkuð í sambandi við veginn, sem torveldi umferð um hann eða valdi töfum eða óþægindum í sambandi við notkun vegarins, svo og að réttarkröfurnar nái til eigenda jarðarinnar Mógilsár. Þessi atriði eru ekki dómhæf, enda aðeins eðlileg afleiðing af því, sem þegar er fram tekið um veginn.

Eins og áður er rakið, hefur aðalstefndi, Jón Erlendsson, gagnstefnt í málinu og borið fram gagnkröfur í þrem liðum.

Í fyrsta lagi krefst hann þess, að aðalstefnandi fái aðeins viðurkenndan gangrétt niður á þjóðvegin eftir bökkum Hvítár og í öðru lagi, að umferðarréttur aðalstefnanda sé einungis eftir bökkum Hvítár og í þriðja lagi verði aðalstefnanda, að viðlögðum dagsektum, dæmt skylt að fjarlægja bílvegin, sem lagður er frá leigulandi hans niður á þjóðvegin.

Dómurinn getur ekki fallið á taka neina af þessum kröfum gagnstefnanda til greina, og vísast um það til þess, sem þegar er fram tekið hér að framan um þessi atriði.

Samkvæmt úrslitum máls þessa ber að gera aðalstefnda að greiða málskostnað, sem sundurliðast þannig:

1. Málskostnaður aðalstefnanda kr. 500.00
2. Ferðakostnaður dómara og dagpeningar — 600.00

Málskostnaður alls kr. 1100.00.

Því dæmist rétt vera:

Vegur sá, sem liggur frá sumarbústað aðalstefnanda, Arons Guð-

brandssonar, og niður á þjóðveginn, er hans einkaeign og skal honum heimilt að hafa veginn áfram á sama stað. Þá hefur aðalstefnandi heimild til að girða af vegarstæðið meðfram veginum, enda skulu brýr vera yfir skurðina við veginn og hlið á girðingunni, svo þar verði komið yfir með ökutæki. Þá greiði aðalstefndi, Jón Erlendsson, málskostnað með kr. 1100.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að því er snertir málskostnað.

Þriðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 16/1953. **Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson**
(Ólafur Þorgrímsson)

gegen

Bergi, Helga, Júlíusi, Siggeiri og Valdimar

Lárussonum (Kristján Guðlaugsson),

Erlendi Einarssyni og Birni B. Björnssyni

(Vilhjálmur Jónsson hdl.)

og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Theódór B. Lindal)

og

gagnsakir.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttur og björgunar að strandgóssi.

Lögbannsgerð felld úr gildi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa váttryggjendur farms e/s Persier framselt Ríkissjóði Íslands rétt þann, sem þeir töldu sig eiga til umrædds járnns. Hefur aðild Trolle & Rothe h/f f. h. váttryggjenda farms e/s Persier að máli þessu þar með fallið niður, enda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt af hálfu þessa aðilja og engar kröfur verið gerðar þar á hendur honum.